

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

1. desember 2025

Mál nr. S-250/2024

Lögrelustjórinn á Vesturlandi
(Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X
(Ómar Örn Bjarnþórsson lögmaður)

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður bótakrefjanda)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

I. Málsmeðferð, ákæruskjal og dómkröfur aðila

1. Mál þetta er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Vesturlandi, útgefinni 25. september 2024, á hendur [X...], kt. ..., ...,

2. Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða

„fyrir líkamsárás með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins [...], við veitingastaðinn [...], [...], [...], hrint [A...], kt. [...], með þeim afleiðingum að hún féll í steypa gangstétt og hlaut heilahristing, eymsli aftanvert á höfði, blóðmargúl undir húð á höfði og höfuðverki.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

3. Þá er í ákæruskjali tekin upp einkaréttarkrafa með svofelldum hætti:

Einkaréttarkrafa:

„Í málinu gerir [A...], kt. [...], kröfu um skaðabætur og krefst að ákærði verði dæmdur til að greiða henni 1.000.000 kr. í miskabætur auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá [...] 2024 og þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar, en síðan dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.“

4. Ákæruvaldið ítrekar kröfur samkvæmt ákæru og krefst fangelsisdóms en fellst á að skilyrði geti verið til að skilorðsbinda refsingu ákærða. Verjandi krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins en til vara að honum verði dæmd vægasta refsing er lög leyfa. Verjandi krefst málsvarnarlagna sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði. Lögmaður bótakrefjanda ítrekaði kröfur samkvæmt framlögðu kröfuskjali. Ákærði krefst þess að bótakröfu verði vísað frá dómi en ella að bætur verði lækkaðar verulega frá kröfugerð.

5. Aðalmeðferð málsins hófst 3. júní 2025, með skýrslutökum af ákærða, brotþola og vitnum. Að loknum skýrslum voru sakflytjendur ásamt dómara sammála um að inn í málið vantaði mikilvægan framburð nokkurra vitna sem upplýst var um og aðalmeðferð málsins því frestað. Framhald aðalmeðferðar fór fram 29. september 2025 með frekari skýrslutökum af vitnum. Nokkur forföll voru hjá vitnum og tilraunir til að ítreka boðanir í þinghaldið höfðu ekki borið árangur. Aðalmeðferð var því frestað á ný svo ljúka mætti skýrslutökum og málflutningi í samræmi við fyrri áform. Þann 30. október 2025 fór fram framhald aðalmeðferðar með skýrslutöku af vitni ásamt munnlegum málflutningi. Vegna bilunar í tæknibúnaði vistaðist ekki framburður vitnis í hljóði og mynd. Af þeim sökum var málið endurupptekið og fór fram framhald aðalmeðferðar 5. nóvember sama ár þar sem skýrslutaka var endurtekin. Að loknum munnlegum málflutningi að nýju var málið dómtekið.

II. Málsatvik

6. Í frumskýrslu kemur fram að óskað var eftir aðstoð lögreglu á veitingastaðinn [...] aðfaranótt [...] vegna hugsanlegrar líkamsárásar. Á staðnum hittu lögregla fyrir brotþola sem greindi frá því að ákærði hefði hrint sér harkalega niður með þeim afleiðingum að höfuð hennar skall í jörðina. Á staðnum voru einnig [B...] og [D...] sem gáfu sig fram sem vitni og tóku undir frásögn

brotapola. Lögregla ræddi stuttlega við ákærða á vettvangi en brotapolí var flutt til nánari skoðunar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Fram kemur í skýrslu lögreglu að ekki hafi náðst að sinna málinu til hlítar umrædda nótt vegna annríkis.

7. Fram kemur í vottorði, sem lögregla aflaði frá [E...] lækni, dagsettu 7. ágúst 2024, að við komu á bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Vesturlands hafi brotapolí lýst atvikum þannig að ákærði hafi tekið um axlir hennar og þrykkt henni í jörðina. Hún hafi við það lent með hnakkann á gangstétt en hugsanlega á gangstéttarkanti. Brotapolí hafi strax fundið fyrir miklum verkjum í aftanverðu höfði, orðið ringluð/vönkuð en ekki misst meðvitund. Þá hafi hún fundið fyrir jafnvægisleysi og sjóntruflunum. Tölvusneiðmynd af höfði brotapola hafi hvorki sýnt brot né blæðingar innan höfuðkúpu, en sést hafi blóðmargúll undir húð og niðurstaða læknis hafi verið að brotapolí hafi fengið heilahristing. Í vottorðinu kemur fram að brotapolí hafi í framhaldinu í tvígang leitað á bráðamóttöku Heilbrigðisstofnunar Vesturlands, vegna slæmra höfuðverkja, svima, ógleði og endurtekinna uppkasta. Skoðanir hafi þá verið í samræmi við fyrstu skoðun um nóttina, þ.e. óskýr sjón án annarra frávika og niðurstaða töluverður heilahristingur.

8. Brotapolí gaf framburðarskýrslu með réttarstöðu vitnis á lögreglustöðinni á Akranesi 2. ágúst 2024 og greindi þar frá atvikum á svipaðan hátt og fyrr greinir. Kvaðst hún hafa komið á veitingastaðinn ásamt bróður sínum og frænku. Þar hafi hún séð ákærða sem hafi horft á sig og verið ógnandi en hún sagðist hafa verið í sambúð með ákærða og hann hafi áður beitt hana ofbeldi. Bróðir hennar hafi ætlað að hafa tal af ákærða en verið stöðvaður af vinum sínum. Brotapolí hafi staðið í útidyrnunum og ákærði hafi ætlað að koma út og hitta bróður hennar. Brotapolí hafi sagt ákærða að láta bróður sinn í friði. Við það hafi ákærði ýtt brotapola aðeins með olnboganum og síðan tekið um báðar axlir hennar og grýtt henni í jörðina. Hún hafi fallið aftur fyrir sig og lent með hnakkann í jörðinni. Þá hafi hún fengið mikla verki í höfuð og bak og henni sortnað fyrir augum.

9. Vitnið [F...], dyravörður á veitingastaðnum, gaf framburðarskýrslu með réttarstöðu vitnis á lögreglustöð 15. ágúst 2024. Þann 16. ágúst 2024 var tekin framburðarskýrsla af [D...] með réttarstöðu vitnis. Þá var haft símasamband við [B...], bróður brotapola, og vitnið [G...].

10. Ákærði, [X...], gaf skýrslu á lögreglustöð með réttarstöðu sakbornings 16. september 2024. Í skýrslutökunni greindi hann frá því að hann hefði verið fenginn til að aðstoða sem dyravörður á veitingastaðnum vegna anna þetta kvöld. Brotapolí hafi komið á staðinn ásamt hópi af fólki og þau hafi verið til vandræða við innganginn. Hann hafi verið beðinn að athuga hvað væri í gangi. Þegar hann hafi komið að innganginum hafi brotapolí byrjað að slá hann með krepptum hnefa í andlitið. Ákærði hafi beðið hana að hætta og róa sig niður. Brotapolí hafi rífið í hár ákærða og hópurinn sem kom með henni gert atlögu að honum og reynt að þröngva sér inn á veitingastaðinn. Ákærði hafi við það ýtt hópnum með báðum höndum út af staðnum. Ákærði kannaðist ekki við að einhver hefði meiðst við það eða dottið. Bróðir brotapola hafi sakað ákærða um að hafa hrint brotapola, ákærði hafi rætt við hann og róað hann niður. Ákærði hafi að svo búnu farið aftur inn á veitingastaðinn. Þegar framburður brotapola og vitna var borinn undir hann, að hann hefði hrint brotapola með því að taka um báðar axlir hennar og grýta henni fyrirvaralaust í jörðina þannig að hún lenti með hnakkann á stéttinni, sagði hann að hún hafi kannski dottið, kvaðst hann muna til þess að einhver hefði dottið en hafi ekki séð hver það var, hann hafi þurft að ýta fólkinu af öryggisástæðum og ekki ýtt neinum að óþörfu. Sagði hann hugsanlegt að brotapolí hafi mögulega fallið um einhvern sem var fyrir aftan hana.

III. Skýrslur fyrir dómi

11. Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi 3. júní 2025 og lýsti hann atvikum þannig að hann hafi verið fenginn í afleysingu sem dyravörður til að hjálpa til við öryggisgæslu á veitingastaðnum [...] en um þessa helgi fóru fram [...] í bænum. Hávaði hafi borist frá bakhurð veitingastaðarins og hann verið beðinn að athuga hvað væri á seyði. Þegar hann hafi komið að hurðinni hafi hann séð mikinn fjölda fólks reyna að ryðjast inn um dyrnar, þar á meðal brotþola. Ákærði hafi spurt hvað væri í gangi og brotþoli þá byrjað að slá hann í höfuðið og rífa í hár hans. Á þeim tíma hefði hann verið með rastafléttur (e. dreadlocks) og brotþoli hafi rífið nokkrar þeirra úr höfði hans. Hann hafi ekki vitað hvað væri í gangi og hópurrinn, sem hann sagðist halda að í væru vinir brotþola, hefði gert aðsúg að honum og ráðist á hann. Við það hafi hann orðið hræddur og viljað koma sér úr aðstæðum sem allra fyrst og því ýtt öllum hópnum út. Aðspurður sagði hann brotþola vera fyrrverandi kærustu sína en hann hafi ekki verið í neinum samskiptum við hana þegar umrætt atvik átti sér stað. Þá hafi hann hvorki séð hana né einhvern annan detta og það hafi ekki verið hans ætlun að meiða brotþola með einhverjum hætti. Þá hafi fjöldi fólks orðið vitni að atvikinu, bæði starfsfólk veitingastaðarins og aðrir gestir. Aðeins eitt þeirra hafi hins vegar verið kvatt til að gefa vitni í málinu en viðkomandi vitni sé tengt brotþola fjölskylduböndum. Aðspurður sagðist ákærði hafa áhyggjur af rannsókn lögreglu af málinu en hann hafi upplýst lögreglu í skýrslutöku um nöfn hinna vitnanna en engin þeirra hafi verið kvödd til að gefa vitni. Ákærði hafi einnig beint því til lögreglu að óska eftir myndefni úr öryggiseftirlitskerfi veitingastaðarins eftir að eigendur hans höfðu neitað ákærða um myndefnið en lögregla ekki orðið við því. Ákærði telji myndefnið mikilvægt sönnunargagn í málinu.

12. Brotþoli, [A...], kom fyrir dóminn og lýsti því að hún hafi verið að skemmta sér á [...] og verið að koma af [...] með bróður sínum og vinum hans og frænkum sínum sem voru þó komnar inn á staðinn á undan. Hún kvað hópinn hafa farið inn á bar staðarins og dvalið þar um stund, en vissi ekki hve lengi. Ákærði hafi staðið langt í burtu en hafi endalaust verið að horfa. Svo hafi hópurrinn haldið út fyrir staðinn þar sem fólk hafi verið að reykja og *veipa*. Ákærði hafi staðið aðeins innar en í hurðinni á staðnum og áfram starað á hana og bróður hennar til skiptis. Þá hafi bróðir hennar staðið úti á götu fyrir framan staðinn og hún rétt við gangstéttarkant. Þá hafi ákærði vaðið alveg upp að henni, horft á hana án þessa að yrða á hana og kallað eitthvað á bróður hennar sem hún vissi ekki hvað var. Hún hafi sagt honum að láta bróður sinn í friði. Ákærði, sem hún hafi ekki vitað að vann þarna, hafi ekkert sagt allan tímann frá því hún kom en ógnað henni mjög með líkamstjáníngu og augnaráði. Þarna fann hún að tekið var hart um axlir hennar og henni hent aftur á bak og það hafi verið ákærði sem gerði það. Þá hafi vinkonur hennar komið út til að athuga með hana. Brotþoli greindi frá því að þetta kvöld hafi hún rekist á ákærða í fyrsta skiptið síðan þau slitu samvistum. Kvað hún ákærða hafa beitt sig miklu ofbeldi á meðan á sambandi þeirra stóð og hún þurft að leita aðstoðar lögfræðings til að koma ákærða út úr íbúð sem þau hefðu keypt saman en hún fjármagnað og það hefði reitt ákærða til reiði. Umrætt atvik þetta kvöld hefði gerst mjög hratt og hún verið hrædd, bæði vegna sjálfrar sín og [B...], bróður síns, því hún hafi talið að ákærði hafi ætlað að ráðast á hann. Eftir höfuðhöggið hafi hún ekki séð neitt og aðeins heyrt í fólkinu í kringum sig og þegar hún hafi komið upp á spítala hafi hún séð svarta punkta fyrir augum. Aðspurður sagðist brotþoli ekki muna til þess að hafa slegið til ákærða og hún eigi erfitt með að ímynda sér að hún hafi gert það sökum þess hve hrædd hún sé við ákærða. Hún hafi heldur ekki talað neitt við ákærða. Kvaðst hún aldrei áður hafa staðið uppi í hárinu á ákærða þegar hann hafi gert eitthvað á hennar hlut, enda mjög hrædd við hann. Aðspurður sagðist brotþoli hafa fengið mikið höfuðhögg á hnakkabeinið og það blætt mikið undir húðina. Þá hafi hún einnig

hlotið meiðsli í hálsi, baki og öxl sem hún sé enn þá að kljást við í dag. Þá fái hún endurtekin mígrenisköst sem hún hafði ekki fengið fyrir atvikið. Einnig sé hún stanslaust hrædd og fari ekki út úr húsi ein síns liðs.

13. Vitnið [D...] kom að staðnum í för með brotapolu, [G...], barnsmóður sinni, og [B...], bróður brotapolu, sem vitnið kvað besta vin sinn. Hann greindi frá því að hann, brotapolu, [B...], bróðir brotapolu, og [G...] hefðu staðið fyrir framan dyr veitingastaðarins [...] og verið á leið þangað inn. Hann hafi vitað að ákærði væri að vinna sem dyravörður á staðnum. Hann hafi svo séð brotapolu ræða við ákærða en ekki heyrt orðaskil og ekki orðið var við að brotapolu og ákærði væru að rífast. Brotapolu hefði staðið fyrir framan hann og ákærði staðið gegnt henni. Hann kvaðst svo muna eftir því að hafa séð ákærða ýta brotapolu þannig að hún flaug og skall með hnakkann í gangstéttina. Hún hafi lent þannig á hnakkanum að hann hafi ekki verið viss um að hún myndi standa upp aftur. Spurður nánar út í atvikið sagðist vitnið greinilega hafa séð ákærða ýta brotapolu en ekki séð hvort hann hafi gert það með annarri hendi eða hvar á líkama brotapolu hann ýtti. Brotapolu hafi staðið um einum og hálfum metra fyrir framan hann og snúið baki í hann en vitnið séð framan í ákærða. Vitnið kvaðst ekki vita alveg hvar aðrir í hópnum hefðu staðið en hann hafi í raun staðið næst brotapolu. Hún hafi ekki dottið aftur fyrir sig enda ekki neinar misfellur þarna, nema kannski þröskuldur, sem hann hélt þó hafa verið á milli brotapolu og ákærða, sem hann taldi hafa staðið inni á staðnum. Aðspurður sagði hann ákærða ekki hafa verið að varna þeim inngöngu á veitingastaðinn. Eftir þetta atvik hafi þó orðið æsingur í hópnum sem hann var með og þeim þá meinuð innganga á veitingastaðinn. Þarna hafi verið auk starfsmanna og þeirra kannski þrír til fjórir til viðbótar.

14. Vitnið [G...] gaf skýrslu fyrir dómi. Hún lýsti atvikum þannig að hún hafi komið labbandi að veitingastaðnum með B[...], [D...], brotapolu og vinkonu brotapolu sem hún vissi ekki deili á. Brotapolu hafi þar séð ákærða í dyrum staðarins en vitnið ekki velt því frekar fyrir sér. Vitnið kvaðst ekki hafa séð sjálf atvikið heldur heyrt þegar brotapolu skall með höfuðið á gangstéttarbrúninni. Við það hafi komið „svakalegt“ hljóð og vitnið því hringt undir eins á neyðarlínuna og óskað eftir sjúkrabifreið. Ákærði hafi að svo búnu hlaupið aftur inn á veitingastaðinn. Aðspurður sagðist vitnið ekki hafa orðið vör við nein orðaskipti milli brotapolu og ákærða. [D...] og [B...] hefðu svo farið inn á staðinn en henni ekki verið hleypt inn þar sem hún hafi verið orðin mjög æst.

15. Vitnið [B...] gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hann ekki muna allt þessa nótt, sökum þess hversu langur tími væri liðinn frá atvikum. Hann kvaðst þó muna að hann hafi komið með brotapolu, [D...] og [G...] að veitingastaðnum og ætlað þangað inn. Brotapolu hafi reyndar verið aðeins á undan þeim. Vitnið hefði staðið fyrir utan staðinn að ræða við annan mann þegar [D...], vinur hans, kallar til hans að brotapolu hafi verið hrint í jörðina. Hann hafi því ekki orðið vitni að sjálfu atvikinu heldur aðeins því sem gerðist eftir það. Hann hafi þá séð ákærða standa í hurðinni. [H...], kærasta [I...], frænku hans, sem stóð við hliðina á brotapolu hafi hins vegar sagt honum hvað hefði gerst. Hún hefði tjáð honum að ákærði hefði ýtt brotapolu út um dyrnar þannig að hún skall með hnakkann í jörðina. Hann hafi í framhaldinu orðið reiður út í ákærða en [J...], eigandi staðarins, hefði komið og tekið sig til hliðar þar sem þeir ræddu saman. Einhver strákur hefði sagt lögreglu að hann hefði hrint brotapolu en það gæti ekki staðist þar sem hann hafi verið langt frá þessu. Hann kveðst ekki hafa farið aftur inn á staðinn.

16. Vitnið [E...], læknanúmer [...], gaf símaskýrslu fyrir dómi og staðfesti að hann hefði skoðað brotþola í umrætt sinn. Brotþoli hefði verið aum aftanvert í höfði, að öðru leyti eðlilegt skyn og hreyfigeta í andliti og útlimum. Engin tvísýni en lýsing á svörtum punktum. Átti erfitt með að ganga hænuskref en það gæti hafa verið vegna áhrifa áfengis. Læknirinn sem hefði komið á vakt á eftir honum hefði ráðfært sig við heila- og taugaskurðlækna í tengslum við málið. Sú niðurstaða, að brotþoli hefði hlotið töluverðan heilahristing, sé byggð á lýsingum brotþola.

17. Lögreglumaður nr. [...] gaf skýrslu í gegnum fjarfundarbúnað. Hann kvaðst hafa komið á staðinn eftir að tilkynnt hafði verið um líkamsárás við [...]. Brotþoli hafi strax þurft aðhlyningu. Hann hafi heyrt að dyravörður hefði hrint eða ýtt brotþola þannig að hún hafi fallið í jörðina. Vegna anna var látið við það sitja að tala við dyravörðinn og honum sagt að hann yrði boðaður í skýrslutöku síðar.

18. Vitnið [K...] kvaðst hafa verið að vinna á bar veitingastaðarins [...] en frá barnum sjáist í hurðina þar sem umræddir atburðir áttu sér stað. Þar hafi hún séð ljóshærða konu sem var *alveg brjáluð* og var *að garga* á ákærða sem vitnið minnti að hefði staðið alveg við hurðina. Vitnið hafi svo séð að annar dyravörður, [F...], var kominn á milli konunnar og ákærða en konan hafi verið komin með puttana framan í ákærða *alveg brjáluð* og hafi á einhverjum tímapunkti rifið í hár ákærða. Næst þegar vitnið hafi litið upp hafi verið komin sjúkrabifreið á staðinn. Hún hafi farið og spurt eiganda staðarins, [J...], um ástæður þess og hann sagt henni að frænka sín hefði ráðist á ákærða. Spurð nánar út í atvikið milli ákærða og konunnar sagði vitnið að konan hefði verið í miklu uppnámi og mjög reið og gripið í hár ákærða sem hafi verið með sítt hár. Aðspurð um öryggismyndavélar á staðnum kvaðst hún ekki vera viss hversu margar þær hafi verið. Lengi vel hafi aðeins verið ein myndavél en sjónsvið hennar hafi að öllum líkindum einnig náð hurðinni. Vélarnar séu orðnar tólf núna, hún muni ekki hvenær þær voru settar upp en það hafi verið um þetta leyti. Spurð nánar út í þessa upphaflegu einu öryggismyndavél sagði vitnið henni hafa verið beint yfir barinn og að hurðinni. Aðspurð hversu langt sé á milli barsins og hurðarinnar taldi vitnið það vera um fimm metra. Þá bætti vitnið því einnig við að hún hafi ekki séð hvort það hafi verið brotþoli sem var að æsa sig við ákærða, það hafi bara verið einhver ljóshærð kona.

19. Vitnið [F...] gaf skýrslu fyrir dómi við framhald aðalmeðferðar 29. september 2025. Vitnisburður hans var á þá leið að [...] hans, [J...], þáverandi eigandi staðarins, hafi beðið hann að vinna sem dyravörður á staðnum þetta kvöld. Þessa helgi hafi verið [...] og margt fólk í bænum. Þegar brotþoli kemur á staðinn hafi hún tekið eftir ákærða og hafi *þá farið í ákveðið paník eins og hún hafi séð draug*. Þegar [B...], bróðir brotþola, mætir á staðinn hafi hann gert sig líklegan til að fara inn á staðinn og tala við ákærða eða ganga í skrokk á honum, kvaðst vitnið ekki muna það alveg. Vitnið hafi reynt að varna [B...] inngöngu til að koma í veg fyrir að eitthvað myndi gerast en [B...] hafi verið æstur. Þá hafi ákærði komið út og reynt að ræða við brotþola sem hafi ekki viljað ræða við hann, en vitnið telji að hefði ákærði ekki komið út hefði líklegast ekkert gerst. Brotþoli hafi verið að reyna að koma sér í burtu frá ákærða, sem hafi haldið í brotþola. Vitnið lýsti því að hann teldi að [B...] hefði slegið til ákærða fyrst í þeirri viðleitni að reyna að verja brotþola. Þá hafi ákærði hrint brotþola í jörðina með fyrrgreindum afleiðingum. Vitnið hafi að svo búnu hringt á sjúkrabifreið. Spurður nánar út í hvort [B...] hafi kýlt ákærða sagði vitnið: „Mér sýndist það, held það hafi verið eitthvað í hausinn á honum.“ Aðspurður hvar atvikið hafi átt sér stað sagði hann það hafa gerst í hurðinni, það hafi ekki verið nein röð af fólki inn á staðinn og hann verið þarna að reyna að koma í veg fyrir slys. Spurður nánar út í samskipti brotþola og ákærða sagði vitnið að ákærði hefði verið að reyna að ræða við brotþola sem hafi

ekki viljað það og hún hafi þá lamið nokkrum sinnum ofan á höfuð ákærða. Brotapoli hafi rétt áður en það gerðist reynt að hrinda ákærða í burtu frá sér sem hafi þá hrint henni aðeins frá sér, *ekkert of harkalega en það var nóg fyrir hana til að detta*. Aðspurður hvort það hafi litið þannig út að ákærði hefði verið að forða sér frá höggum brotapola sagði vitnið að miðað við hvernig aðstæður hefðu verið þarna um kvöldið gæti það vel verið. Spurður um það hvort brotapolí hefði verið undir áhrifum áfengis sagði vitnið brotapola hafa verið mjög ölvaða. Vitnið kvaðst ekki þekkja ákærða en brotapolí og bróðir hennar væru frændfólk sitt en foreldrar þeirra væru [...].

20. Vitnið [J...] gaf símaskýrslu fyrir dómi sama dag. Kvaðst hann ekki hafa orðið vitni að sjálfu atvikinu heldur komið að vettvangnum eftir að þetta gerðist. Vitnið sem var þá eigandi veitingastaðarins sagði aðspurður að á staðnum hefði verið ein myndavél í hverju rými staðarins og sjónsvið einnar þeirra hafi náð í anddyri staðarins. Atvikið hefði hins vegar ekki náðst í mynd, það hefðu þau skoðað vel. Aðspurður um hvað hafi sést á myndbandsupptökunni sagði vitnið að það hafi sést að eitthvað hafi verið í gangi þarna við anddyrið en ekki sést ítarlega hvað væri að gerast. Sjá hafi mátt ákærða og [F...] í hurðinni og þá svo hlaupa í burtu. Þarna um kvöldið hafi verið mikið að gera á veitingastaðnum, mikið um slagsmál og mikil ölvun. Spurður um það hvort lögreglan hefði falast eftir upptökum úr myndavélakerfinu sagðist vitnið ekki muna til þess. Þá muni hann ekki til þess, sökum þess hve langt sé síðan þetta gerðist, að ákærði hafi óskað eftir því að fá að sjá myndbandsupptökurnar. Aðspurður sagði hann að [B...] hefði komið að sér frekar æstur og tjáð sér að ákærði hefði ráðist á brotapola. Spurður um tengsl sín við brotapola og [B...] sagði hann þau þekkjast vel, þetta væri frændfólk hans og þá væri [F...] [...] hans.

21. Vitnið [L...] gaf símaskýrslu fyrir dómi 5. nóvember 2025. Aðspurð lýsti hún atvikum málsins þannig að hún hafi verið aðeins frá umræddu atviki að sinna öðru máli en séð ákærða labba inn og brotapola rífa í hár hans, brotapolí hafi svo dottið niður og ákærði labbað áfram inn. Spurð nánar út í atvik segist hún ekki hafa séð brotapola detta því hún hafi verið að sinna öðru máli og aðeins séð þetta út undan sér. Aðspurð út í öryggismyndavélar á staðnum kvað hún þær hafa verið tvær, báðar vísað á barinn. Mögulega sjáist eitthvað í mynd þegar fólk gengur inn á staðinn en ekki vel því myndavélin sé svo langt frá innganginum og atvikið hafi átt sér stað fyrir utan staðinn. Það sé þó ekki útilokað að myndavélarnar hefðu náð atvikinu, hún hafi þó ekki skoðað þessar upptök. Spurð út í það hvort lögregla hefði óskað eftir upptökunum sagði vitnið að hún hefði boðið lögreglunni að fá upptökurnar, þegar lögreglan hefði verið að skoða upptökur tengdar öðru máli, en lögreglan hafi hvorki skoðað upptökur í þessu máli né óskað eftir afriti af þeim.

IV. Niðurstaða

22. Ákærði er sakaður um líkamsárás þegar hann var við störf sem dyravörður í [...] 2024 með því að hrinda brotapola með þeim afleiðingum að hún féll á steypa gangstétt og hlaut umtalsverða áverka.

23. Eins og rakið er hér að framan var nokkur fjöldi fólks utan við umræddan skemmtistað þar sem ákærði starfaði við dyravörslu umrætt kvöld enda fjölmenn bæjarhátíð í fullum gangi.

24. Fyrir lögreglu lýsti brotapolí atvikum þannig að upphaf þeirra hafi verið að bróðir hennar, sem var með í för, hafi ætlað að ræða við ákærða en hún hafi óttast átök þeirra og sagt ákærða að láta bróður sinn í friði en þá hafi ákærði ýtt við henni og síðan tekið um báðar axlir hennar og grýtt henni í jörðina. Á þessum tíma sagðist brotapolí hafa staðið í dyragættinni. Fyrir dómi lýsti hún atburðum kvöldsins að hluta á annan veg. Hún kvað hópinn sem hún var í hafa dvalið í

drykklanga stund á barnum áður en atvik gerðust. Ákærði hafi staðið langt í burtu en hafi endalaust verið að horfa og verið ógnandi. Svo hafi hópurninn haldið út fyrir staðinn þar sem fólk hafi verið að reykja og veipa. Ákærði hafi staðið aðeins innar en í hurðinni á staðnum og áfram starað á hana og bróður hennar til skiptis. Ákærði síðan að því er virðist mjög skyndilega vaðið að henni og hent henni í jörðina með þekktum afleiðingum eftir að hún hafi sagt honum að láta bróður sinn í friði.

25. Ákærði segir upptökin hafa verið brotþola. Hann hafi verið að bregðast við troðningi gesta sem reyndu að komast inn á staðinn og þá hafi brotþoli ráðist á hann og rífið í hár hans. Jafnframt hafi hópurninn sem var með brotþola gert aðsúg að honum. Hann hafi þá orðið hræddur og ýtt hópnum öllum út. Hann hafi ekki séð neinn detta þá.

26. Vitnið [D...], sem kvaðst vera besti vinur bróður brotþola, kvaðst muna eftir því að sjá ákærða greinilega ýta brotþola þannig að hún flaug og skall með hnakkann á gangstéttinni, en mundi ekki hvort ákærði hefði ýtti við henni með annarri hendi eða hvar á líkamann. [G...], vinkona brotþola, sem var í hópnum og stóð mjög nærri kvaðst þó ekki hafa séð neina atlögu ákærða en heyrt þegar brotþoli féll. Jafnframt hafi hún ekki heyrt eða séð nein átök milli ákærða og brotþola umrætt sinn. [B...], bróðir brotþola, sá ekki neitt að sögn en [D...], vinur hans, hafi komið til hans strax á eftir til að segja honum frá því sem gerst hafði og við það hafi hann orðið mjög reiður en [J...], frændi hans og eigandi staðarins, róað hann niður. Vitnið [K...] sá ekki meinta líkamsárás en hún kvaðst hins vegar hafa séð ljóshærða konu alveg brjáláða á staðnum sem hafi rífið í hár ákærða en vitnið [F...] dyravörður hafi gengið á milli en þá hafi konan, sem hún vissi ekki hvort var brotþoli, verið með puttana í andlitinu á ákærða. Þegar sjúkrabíll hafi komið á staðinn stuttu seinna hafi [J...], eigandi staðarins, kveðið brotþola hafa ráðist á ákærða. [F...] dyravörður, en hann og brotþoli og vitnið [B...] eru [...], lýsir talsverðum átökum þar sem bróðir brotþola, [B...], hafi reynt að ráðast á ákærða en ákærði verið að reyna að ræða við brotþola sem ekki hafi viljað við hann tala en lamið ákærða hins vegar ítrekað í höfuð. Þá hafi það æxlast svo að ákærði hafi hrint brotþola þannig að hún hafi fallið í jörðina. Nánar um það kvað hann ákærða hafa hrint brotþola aðeins frá sér, ekkert of harkalega en nóg til þess að hún hafi dottið aftur fyrir sig. Brotþoli hafi verið mjög ölvuð. [J...], þáverandi eigandi staðarins og bróðir [F...], kvaðst ekki hafa orðið vitni að atvikinu en hafi séð af öryggismyndavélaupptökum hvar [F...] og ákærði hafi staðið í hurðargættinni og svo hlaupið í burtu. [L...] var að vinna á staðnum og kveðst hafa séð ákærða labba inn og brotþola rífa í hár hans, brotþoli hafi svo dottið niður og ákærði labbað áfram inn. Hún hafi ekki séð brotþola detta.

27. Ákærvaldið styður ákæru eingöngu við framburð fyrir dómi. Ekki liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi eða nánari upplýsingar um aðstæður, m.a. um þann fjölda fólks sem var á staðnum umrætt sinn og hvort og þá hversu margir aðrir voru að reyna að komast inn á skemmtistaðinn þegar atvik áttu sér stað. Hvort tveggja væri til þess fallið að varpa betra ljósi á atvik eins og þeim er lýst, s.s. fjarlægð í umræddan kant sem brotþoli kveðst hafa fallið á og fjarlægð frá hurðargætt staðarins og að bar og öryggismyndavélum. Einnig er með talsverðum ólíkindum að rannsakendur skuli ekki hafa kallað eftir upptökum úr öryggismyndavélum staðarins, burtséð frá því hvort ákærði hafi skorað á þá að gera slíkt. Vitnið [L...] kvaðst reyndar hafa boðið lögreglu sérstaklega upptök af umræddu atviki en því boði verið hafnað.

28. Af framangreindum framburði fyrir dómi verður þó sú ályktun dregin að brotþoli hafi komið að staðnum mjög ölvuð og veist að ákærða en þrjú vitni styðja mjög eindregið þann framburð

ákærða að brotaþoli hafi rífið í hár hans og hrópað og jafnvel öskrað brjáluð á hann. Vitnið [F...] kvaðst hafa séð brotaþola lemja ítrekað í höfuð ákærða. Þá var skráð eftir [M...] hjá lögreglu, en hún var starfsmaður á barnum, að hún hafi séð brotaþola vera æsta þegar hún hafi komið inn á staðinn og séð ákærða og hafi rokið til hans. Ekki tókst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir að fá vitnið fyrir dóm. Tvö vitni kveðast hafa séð ákærða leggja hendur á brotaþola umrætt sinn. Vitnið [D...] gat þó ekki sagt frá því hvernig sú aðför ákærða var eða hvar á líkama brotaþola meint atлага hans hafi lent en hún hafi þó leitt til falls brotaþola. Vitnið [F...] kvaðst hafa séð ákærða hrinda brotaþola, mögulega til að forða sér frá höggum hennar, ekki harkalega en þó nóg til að hún féll aftur fyrir sig. Framburður brotaþola fyrir dómi stangast nokkuð á við annan framburð í málinu. Hún neitar því alfarið að einhver átök hafi orðið milli hennar og ákærða eins og dómurinn telur hins vegar að slá verði föstu sem og því að engin orðaskipti hafi átt sér stað milli þeirra, nema að hún hafi sagt honum að láta bróður sinn vera. Þá verður að telja lýsingu brotaþola á atvikinu fyrir dómi stangast mögulega á við annan framburð að því leyti að af honum má draga þá ályktun að hún hafi staðið nokkuð frá dyrum staðarins og ákærði komið út aðvífandi og hrint henni af nokkru afli í jörðina með þekktum afleiðingum. Þetta samræmist ekki fyllilega lýsingu brotaþola fyrir lögreglu þar sem hún kvaðst hafa staðið í dyragættinni þegar þetta gerðist en einnig samræmist þetta ekki lýsingum annarra af þeim ryskingum sem sannanlega hafa orðið milli ákærða og brotaþola. Af vitnaskýrslum mætti ráða að þessi átök hafi orðið fyrir utan aðaldyr staðarins en samkvæmt framburði ákærða gerðist þetta við bakdyr staðarins. Sá framburður samræmist betur framburði brotaþola um að hún hafi ásamt samferðafólki sínu dvalið inni á staðnum um skeið áður en hún fór aftur út þar sem fólk var að reykja og veipa. Um þá dvöl gat brotaþoli ekki í lögregluskýrslu. Sú frásögn samræmist þá illa framburði [D...] og [B...] og [G...] sem sögðu að atvikið hefði orðið þegar þau voru að koma á veitingastaðinn. Þá stangast nokkuð á framburður brotaþola og bróður hennar, [B...], sem kveðst engin samskipti hafa átt við ákærða áður en atvikið varð en brotaþoli kvaðst hafa verið að verja bróður sinn með því að hrópa að ákærða.

29. Dómurinn telur að virtu öllu framangreindu að ákærvaldinu hafi ekki tekist sönnun sem hafin er yfir skynsamlegan vafa, sbr. reglur 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008, um að ákærði hafi af ásetningi veist að brotaþola umrætt sinn sem leiddi til þess líkamstjóns sem hún varð fyrir. Er þar m.a. horft til náninna tengsla brotaþola og þeirra tveggja vitna sem telja sig þó með nokkuð óljósum hætti hafa séð atlögu ákærða að brotaþola. Líklegt má telja að ákærði hafi stuggað við brotaþola ásamt fleiri gestum til að geta lokað dyrunum sem gætu hafa verið bakdyr staðarins, sbr. t.d. framburð um nálægð dyranna við barinn, sem þó er óljóst. Upptök af átökum virðast hafa legið hjá brotaþola sjálfri og jafnvel hjá [B...], bróður hennar, sbr. framburð [F...] dyravardar sem taldi sig knúinn til að grípa inn í atburðarásina og aðstoða í dyrunum, sbr. framburð hans og [K...], auk þess sem vitnið [J...] greindi frá því að hann hefði séð á upptöku öryggismyndavélar [F...] og ákærða í hurðinni og svo hlaupa frá. Þetta kvöld var að sögn [J...] mikið um slagsmál og ölvun. Er ekki hægt að útiloka að sú staðreynd að brotaþoli var mjög ölvuð umrædda nótt hafi getað stuðlað að falli hennar með þeim afleiðingum sem liggja fyrir, vissulega þó þegar ákærði hefur líkast til reynt að bregðast við ákefð nokkurra gesta skemmtistaðarins umrætt sinn.

30. Vitni málsins, nema brotaþoli sjálf og mögulega vitnið [D...], staðfesta þann framburð ákærða að atvikið hafi orðið í dyragættinni, a.m.k. hafi ákærði verið þar. Á þetta við um framburð [G...], [K...] og [F...] og reyndar einnig framburð brotaþola hjá lögreglu. Með vísan til þess er það bagalegt með vísan til þess hversu óljós málsatvik eru að upptaka úr öryggismyndavél liggja ekki fyrir dómnum en slík upptaka af þeirri dyragætt þar sem atvik urðu var sannanlega til staðar og nokkrar líkur á því að hún hefði getað gagnast við úrlausn málsins og mögulega styrkt málsvörn

ákærða. Þá bendir flest til þess að fleiri vitni hafi orðið að umræddum átökum sem þó hafa ekki komið fyrir dóm. Að auki skortir að mati dómsins á lýsingar á brotavettvangi sem er í besta falli óljós en hefði í málinu getað skipt miklu máli við mat á framburði fyrir dómi. Skýrist það mögulega af því að lögregla gat vegna annríkis umrædda nótt ekki sinnt málinu strax heldur var fyrst tekin skýrsla af brotþola talsvert eftir atvikið og þá einnig látið sitja við skýrslur af því fólki sem var með henni í för umrætt sinn og [F...], frænda hennar. Nokkrir annmarkar voru því á rannsókn málsins sem ákærði getur ekki goldið fyrir.

31. Að öllu framangreindu virtu verður ákærði sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins þar sem ekki er hægt að telja það hafið yfir skynsamlegan vafa að hann hafi umrætt sinn gerst sekur um líkamsárás samkvæmt 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Bótakröfu kröfuhafa í málinu verður því vísað af sjálfsdáðum frá dómi, sbr. 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

32. Í málinu hefur, utan málskostnaðar kröfuhafa og bótakröfu sem verður vísað frá dómi, ekki verið gerð krafa um annan sakarkostnað en málsvarnarlaun verjanda ákærða. Í samræmi við úrslit málsins og 2. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skulu málsvarnarlaun Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmanns, skipaðs verjanda ákærða, að fjárhæð 1.440.000 kr. greidd úr ríkissjóði. Ákvörðun þeirra er tekin með hliðsjón af umfangi málsins, framlagðri tímaskýrslu verjandans og reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2025 og eru ákveðin með virðisaukaskatti. Einnig skal greiddur úr ríkissjóði ferðakostnaður verjandans, samkvæmt yfirliti 64.800 kr.

33. Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir dómi af hálfu ákæruvalds.

34. Dóm þennan kveður upp Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, [X...], er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Einkaréttarkröfu [A...] er vísað frá dómi.

Þóknun skipaðs verjanda ákærða, Ómars Arnar Bjarnþórssonar lögmanns, að fjárhæð 1.440.000 kr. ásamt aksturskostnaði að fjárhæð 64.800 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Lárentsínus Kristjánsson